

Um nýjar siðareglur fyrir VFÍ

Í framhaldi af ráðstefnu (vinnufundi) hinn 5. mars. s.l. fól stjórn VFÍ 3ja manna hópi félagsmanna, þeim Guðmundi G. Þórarinssyni, Guðrúnu Sævarsdóttur og Tryggva Sigurbjarnarsyni, að gera drög að nýjum siðareglum fyrir Verkfræðingafélag Íslands.

Þessi hópur hefur unnið að málinu síðan og leggur nú fram drög að nýjum siðareglum til umræðu og afgreiðslu hjá stjórn VFÍ.

Með hópnum hefur starfað Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ.

Núgildandi siðareglur og breytt umhverfi

Við samningu þessara draga hefur hópurinn í fyrsta lagi rýnt núgildandi siðareglur, sem eru að stofni til frá árinu 1955, en endurskoðaðar árið 1993.

Skoðun hópsins er sú að þessar reglur séu allar góðar og gildar og standi ennþá fyrir sínu. Hins vegar liggur í augum uppi, að það umhverfi, sem miðað var við þegar þær voru gerðar hefur gerbreyst, og það hlýtur að kalla á nýjar áherslur í siðareglum.

Núgildandi reglur höfðu fyrst og fremst til sjálfstætt starfandi verkfræðinga og fámennra verkfræðistofa, sem á þeim tíma voru uppistaðan í stétt verkfræðinga. Nú hefur þetta breyst þannig, að þrjár verkfræðistofur: Mannvit, Verkís og Efla, eru orðnar markaðsráðandi, með samtals um 800 starfsmenn, þaraf um 600 verk- og tæknifræðinga. Til samanburðar má geta þess að Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen var með 6 starfsmenn árið 1955 og 53 starfsmenn árið 1993.

Vinnuumhverfið og þjóðfélagið sjálft hafa sömuleiðis tekið stórmiklum breytingum, nægir þar að nefna tilkomu tölvanna og rafrænnar upplýsingamiðlunar, og það umrót og breytingar sem tengist uppgangi og hruni bankakerfisins.

Hið nýja umhverfi hefur ekki einungis tekið til starfa verkfræðinga við verkfræðistörf, heldur hafa verkfræðingar orðið eftirsóttir til annarra starfa en beinlínis verkfræðistarfa vegna menntunar sinnar og hæfni. Má þar einkum nefna stjórnunarstörf og störf í fjármálageiranum.

Í framhaldi af þessari þróun hefur í þjóðfélaginu komið fram sterk krafa um endurskoðun siðferðis og siðrænna gilda.

Aðdragandi

Aðdragandi að gera þessara draga eru umræður í stjórn VFÍ og tvær ráðstefnur um siðfræði, sem haldnar hafa verið á vegum félagsins, önnur í október 2009 en hin þann 5. mars 2010. Á seinni ráðstefnunni, sem haldin var með „kaffihúsasniði,, komu fram margar ábendingar um innihald nýrra reglna. Nokkur helstu áhersluatriði voru:

- Byggja siðareglur á almennum grunni og tala til allra fagsviða
- Stuðla að gagnkvæmri virðingu við aðrar stéttir og innan stéttarinnar

- Núverandi reglur of flóknar, meira einsog verklagsreglur heldur en almennar siðareglur
- Regluleg endurskoðun vegna úreldingar
- Á að vera eiður sem verkfræðingar skrifa undir þegar þeir fá starfsheitið?
- Kynning mjög nauðsynleg
- Einfaldar og auðmeltar reglur!
- Sterkari samfélags- og umhverfisáhrif
- „Allt sem þú vilt að aðrir geri þér ...“
- Miðla þekkingu til góðs fyrir almannaheill í samstarfi við aðrar stéttir
- Þú tekur ekki vinnu frá öðrum, eignar þér ekki vinnu annarra
- Samfélagsleg ábyrgð
- Hversu langt á einurð að ganga?
- Endurmenntun, símenntun – formleg og óformleg
- Aukin sérhæfing – meiri ábyrgð
- „Ég vissi að það var ýmislegt í gangi – en hvenær á að þegja og hvenær á að segja?“
- Ný tækni þarf að leiða til góðs fyrir samfélagið
- Hvenær má brjóta trúnað?
- Geta og hæfileikar til að beita gagnrýnni hugsun til uppbyggingar í trausti þekkingar
- Faglegt innsæi, gæði, trúverðugleiki, gildin skapi jákvæða ímynd fyrir stéttina
- Vinna af skilvirkni, frjórri hugsun, samvirkusemi og heiðarleika
- Ábyrgð gagnvart samfélaginu, í víðum skilningi, þarf að koma fram
- Reglur myndi viðmið fyrir stéttina, sem auðveldi samskipti, tryggi gæði, áreiðanleika og traust
- Vekja til umhugsunar og auka meðvitund um ábyrgð og skyldur

Þetta veganesti hefur hópurnir reynt að nýta sér.

Hvað eru aðrir að gera?

Hópurinn hefur kynnt sér nýjar eða nýlegar siðareglur allmargra hliðstæðra félaga erlendis, austan hafs og vestan.

Staldráð hefur verið við fernar slíkar reglur, tvær frá Evrópu, einar frá Bandaríkjunum og einar alþjóðlegar og hefur verið tekið nokkurt mið af þeim:

NITO í Noregi, reglur frá 2008, 3 aðalgreinar, 16 undirgreinar

SI í Svíþjóð, reglur frá 2007, 10 greinar

IEEE, alþjóðlegt, reglur frá 2006, 10 greinar

ASCE í USA, reglur frá 1995, 4 aðalgreinar, 7 undirgreinar

Öll þessi félög hafa haft fáar og stuttar greinar, en bent er á að æskilegt væri að útfæra nánari reglur fyrir einstaka hópa eða aðildarfélög. Til dæmis hefur NITO gefið út „Yrkestekinske retningslinjer for bioingeniører“, „Etske regler for NITO takstingeniører“ og „Yrkestekniske regler for selvstendig næringsdrivende konsulenter“.

Sameiginlegt öllum þessum reglum er að aukin áhersla er lögð á að taka tillit til samfélagslegra þátta og umhverfisáhrifa.

Ábendingar

Til viðbótar við þau drög að reglum sem hópurinn leggur fyrir stjórn VFÍ til umræðu og afgreiðslu vill hópurinn benda á eftirfarandi atriði til umhugsunar fyrir stjórnina:

- Að drög þau að siðareglum, sem stjórn VFÍ samþykkir, verði send til umsagnar fagfólki í siðfræði áður en þau verði endanlega lögð fyrir aðalfund til samþykktar.
- Áfram verði starfrækt siðanefnd félagsins með svipuðum hætti og verið hefur og til viðbótar verði siðanefnd falið að vera til ráðgjafar verkfræðingum, sem lenda í vanda tengdum siðareglunum í starfi sínu.
- Að stjórnin beiti sér fyrir því að kennsla í siðfræði fyrir verkfræðinga verði eflað í háskólum landsins.
- Að stjórnin beiti sér fyrir sífræðslu um siðfræðileg málefni innan félagsins.
- Að félagsmenn verði látnir staðfesta að þeir fari eftir siðareglunum.
- Að stjórnin beiti sér fyrir því að einstakir hópar eða deildir innan VFÍ, t.d. FRV, setji sér sérstakar viðbótarreglur eftir því sem ástæða þykir til.
- Ennfremur viljum við mæla með því að verkfræðistofur verði hvattar til að setja sér siðareglur, byggðar á siðareglum VFÍ, en með þeim viðbótarákvæðum eða áhersluatriðum, sem ástæða þykir til.

Lokaorð

Það er von okkar, sem að þessum drögum að nýjum siðareglum stöndum, að úr þeim verði reglur, sem leiði góðs fyrir félagið og einstaka félagsmenn.

Reykjavík, í júní 2010

(Guðrún Sævarsdóttir)

(Guðmundur G. Þórarinnsson)

(Tryggvi Sigurbjarnarson)